**3505. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4, 11. ágúst 2022 og hófst hann kl. 09:20.**

**Fundinn sátu:**
Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

1. **2201005 - Fundargerðir 2022 - skipulags- og umhverfisráð**

   241. fundur skipulags- og umhverfisráðs 25.júlí 2022.

   *Lagt fram.*

2. **2208012 - Búnaðarkaup fyrir unglingastig grunnskólanna**

   Undirbúningur vegna tölvukaupa til afnota fyrir unglingastig grunnskóla Akraneskaupstaðar.

   Jóhann Guðmundsson kerfisstjóri situr fundinn undir þessum lið.

   *Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði (mennta- og menningarráði).*

   *Samþykkt 3:0*

3. **2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026**

   Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024 til og með 2027.

   *Lagt fram.*

   *Gert er ráð fyrir að grunnforsendur fjárhagsáætlunar 2023 verði til umræðu á næsta fundi ráðsins þann 25. ágúst næstkomandi.*

   *Samþykkt 3:0*

4. **2208056 - Launalaust leyfi**

   Svala Hreinsdóttir sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs hefur óskað eftir launalausu leyfi í eitt ár.

   *Bæjarráð samþykkir erindið og veitir sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs launalaust leyfi í eitt ár.*

   *Bæjarráð samþykkir að starfið verði auglýst og ráðið tímabundið í stöðu sviðsstjóra velferðar- og mannréttindasviðs til eins árs og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

   *Samþykkt 3:0*

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:00.**

LL

Líf Lárusdóttir

Valgarður L. J.

Ragnar Sæmundsson